

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Poul Anders Siegfred Wiberg, greiði kr. 29500.00 sekt til landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir togstrengir togarans Leivur Óssurson sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1944.

Kærumálið nr. 11/1944. **Alpýðusamband Íslands f. h. verka-**
mannafélagsins Dagsbrúnar
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands.

Vitnaskylda sáttamanns í vinnudeilum.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 3. þ. m. og hingað komnu samdægurs hefur félagsdómur sent hæstarétti kæru sóknaraðilja í máli ofangreindra aðilja, sem rekið er fyrir félagsdómi. Krefst sóknaraðili þess aðallega, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og heimilað að leggja 3. og 4. spurningu, er í úrskurðinum getur, fyrir þar greint vitni. Til vara krefst hann þess, að leyft verði að leggja 3. spurninguna fyrir vitnið. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili krefst staðfestingar á hinum kærða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Samkvæmt því ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, er ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, **Alpýðusamband Íslands f. h. Verka-**

mannafélagsins Dagsbrúnar, greiði varnaraðilja, Vinnuveitendafélagi Íslands, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður félagsdóms 24. október 1944.

Í máli þessu, sem höfðað er hér fyrir dómi með stefnu 24. apríl þ. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Vinnuveitendafélagi Íslands, er um það deilt, hvaða merkingu beri að leggja í orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 22. febr. þ. á.

Samningur þessi komst á fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins og sáttanefndar, sem skipuð var samkv. 22. gr. laga nr. 80/1938.

Á dómþingi í máli þessu 17. þ. m. mætti fyrir dómi sem vitni einn sáttanefndarmanna, Emil Jónsson vitamálastjóri. Umboðsmaður stefnanda óskaði eftir því, að spurningarnar á réttarskjali nr. 10 yrðu lagðar fyrir vitnið, og svaraði það 1. og 2. spurningunni með samþykki umboðsmanns stefnda, en hins vegar mótmælti hann því, að 3. og 4. spurningin yrðu lagðar fyrir vitnið. Byggði hann mótmæli sín á því, að ólöglegt væri samkv. 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938, sbr. við 13. gr. laga nr. 85/1936, að skýra frá eða leiða vitni um málsatvik þau, sem spurningarnar fjölluðu um, enda vildi stefndi ekki samþykkja, að vitni yrðu leidd um þessi atriði.

Umboðsmaður stefnanda mótmælti því, að bann 4. mgr. 28. gr. 1. nr. 80/1938 næði til þeirra málsatriða, sem 3. og 4. spurningin fjölluðu um, en upptalning nefndrar greinar væri tæmandi.

Vitnisspurningar þær, sem um er deilt, hljóða svo:

3. spurning. Er það rétt, að sáttasemjari eða hin stjórnskipaða sáttanefnd skýrði fyrir báðum aðilum, að orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. samningsins næði yfir alla vinnu í lýsisvinnslustöðvum, aðra en út- og uppskipun á lýsi.

4. spurning. Teljið þér, að samninganefnd Vinnuveitendafélags Íslands hafi samþykkt, að orðið „lýsisbræðsla“ í 5. gr. samningsins, sem nefndur er í 1. spurningu, næði til þeirrar vinnu, sem talin er upp í 3. spurningu.

Samkvæmt 4. mgr. 28. gr. laga nr. 80/1938 er óheimilt án samþykkis beggja samningsaðilja að skýra frá eða leiða vitni um, hvað aðiljar hafa lagt til á sáttafundum.

Telja verður að efni 4. spurningarinnar falli beint undir nefnt lagaákvæði, þar sem spurt er um, hvort annar samningsaðilja hafi samþykkt tiltekið tilboð frá hinum samningsaðiljanum. Ber því að synja þess, að hún verði lögð fyrir vitnið.

Hvað 3. spurningunni viðvikur, þá fjallar hún að vísu aðeins

um það, hvað sáttamenn hafi sagt við samningsaðilja. En hún er nátengd 4. spurningunni og svar sáttamanns við henni gæti gert nauðsynlegt, að rannsökuð yrðu, til frekari upplýsingar mála-vöxtum, tilboð og yfirlýsingar samningsaðiljanna fyrir sáttamönnum, og raunverulega skapað öðrum aðiljanum þá aðstöðu í máls-sókn, að hann yrði neyddur til þess að skýra frá málsatvikum, sem honum annars væri ekki skylt samkvæmt framannefndu laga-ákvæði. Þá ber og á það að lita, að það verður að teljast mjög heppileg regla, að sáttamenn í vinnudeilum þurfi sem minnst að bera um það, hvað fram hafi farið á sáttafundum. Að þessu at-huguðu þykir ekki heldur rétt, að 3. spurningin verði lögð fyrir vitnið.

Því úrskurðast:

Spurningarnar nr. 3 og 4 á réttarskjali nr. 10 verða ekki lagðar fyrir vitnið Emil Jónsson.

Föstudaginn 17. nóvember 1944.

Nr. 87/1944. H/f Sæfinnur (Theódór B. Lindal)
gegn

Bæjarstjórn Neskaupstaðar f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur uppkveðið Kristinn Júlíus-son, settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu.

Í máli þessu heldur áfrýjandi því fram, að útsvar hafi verið ólöglega lagt á fjárhæð, er hann hafi lögum samkvæmt lagt í nýbyggingarsjóð og varasjóð. Áfrýjandi telur því útsvarið að nokkru lagt á útsvarsfrjálsar tekjur. En það atriði, hvort leggja megí útsvar á tiltekna tekjur eða tiltekna eign, sætir úrlausn dómstóla. Fógeti hefur eigi leyst úr því, hvort útsvar hafi verið réttilega lagt á tekjur lagðar í nýbyggingar- og varasjóð, og því látið sakarefnið óúrskurðað. Verður því að ómerkja fógetaúrskurðinn og leggja fyrir fógeta að úrskurða sakarefnið.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæsta-rétti falli niður.